

Nr. 053 / 14 Hrafn Sveinbjarnarson GK 255***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 1972 IMO nr. 8709810
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1988 stál
Stærð: 290,3 brl. 1028 bt.
Mesta lengd: 47,9 m Skráð lengd: 39,3 m
Breidd: 11 m Dýpt: 7,45 m
Vél: Deutz 1850 kW, 1988
Fjöldi skipverja: 25



Hrafn Sveinbjarnarson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 5. nóvember 2013 var Hrafn Sveinbjarnarson GK 255 á togveiðum á Breiðdalsgrunni. Veður: ANA 15 m/s. Ölduhæð 5 m.

Skipverji var að ganga fram af lestarlúgu á vinnsluþilfarinu og steig hann í hægri fót sem þá rann undan honum inn á þilfarið en vinstri fóturinn var enn uppi á lúgunni. Skipverjinn féll niður á vinstri fótinn svo báðar þípur fótleggsins brotnuðu illa.

Ekki var talið rálegt að flytja slasaða af þilfarinu og því var hlúð að honum þar á meðan siglt var til Fáskrúðsfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði hafði verið að vinna við tæki standandi á lúgunni en af henni niður á þilfarið var um 20 sm niðurstig;
- að engar grindur voru á þilfarinu þar sem slasaði steig niður en sjór sem sullast þar um var klórblandaður svo ætla má að hálka vegna gróðurmyndunar hafi ekki verið fyrir að fara. Vinnsluþilfarið er úr riffluðu stáli og málað með hálkuvandandi málningu;
- að slasaði var í stígvélum sem venjulega eru notuð við störf á vinnsluþilfarinu og hann sagði að þau væru ekki hál.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.